

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 13. febrúar 2020: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu samþykktar Sameinuðu þjóðanna með tilliti til aðgengis fatlaðra á allri þjónustu sem veitt er í borginni:

Ísland er aðili að samþykktum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ber því að framfylgja þeim samþykktum, enda stendur til að Alþingi geri samþykktirnar að lögum þann 13. desember n.k. Ljóst er að margt í þessum samþykktum snýr beint að sveitarfélögum í landinu og því nauðsynlegt að þau framfylgi undirrituðum samþykktum og geri viðeigandi ráðstafanir varðandi alla liði samþykktarinnar. Það hvílir því á Mannréttinda- nýsköpunar og Lýðræðisráði að fylgjast grannt með að samþykktunum sé fylgt eftir á öllum sviðum borgarinnar. Er mannréttindaráð og mannréttindastofa tilbúin að skoðað til hlítar það deiliskipulag meirihlutans að gera Laugaveg, Skólavörðu- og Vegamótastíg að varanlegum göngugötum með tilliti til samþykta Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra? Deiliskipulagið hefur nú þegar verið lagt fram í Skipulags- og samgönguráði og samþykkt 5. febrúar síðast liðinn. Í deiliskipulaginu er aðeins gert ráð fyrir að stæði verið fyrir fatlað fólk í þvergötum sem allar eru í halla sem reynist fólki í hjólastól erfitt. Hreyfihamlaðir þurfa því að ganga talsverða vegalengdir til þjónustuaðila, en margir hverjir eiga erfitt með gang.